

BÆKUR HANDA  
BÖRNUM  
HEIMS

ALÞJÓÐLEG BARNABÓKASÝNING  
OG BARNABÓKASAFN  
Á KJARVALSSTÖÐUM  
20. OKT. – 4. NÓV. 1979

Thornton Wilder nefndi börn „þöglu kynslóðina“. Ef barna- og unglingsbækur eru athugaðar nánar, má sjá, að þetta er ekki fjarrí sanni, því þær segja okkur harla lítið um börn og unglinga. Heiti sýningarinnar „Bækur handa börnum heims“ (Printed for Children) er ágætt dæmi um þetta. Fullorðnir semja og gefa út bækur til þess að fullorðnir veiji þær og kaupi handa börnum.

Börn hafa hvorki haft vettvang til að láta í ljós þarfir sínar og langanir, né til að gæta hagsmuna sinna, en fullorðnum er að verða þetta ljóst. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um, að árið 1979 skuli vera ár barnsins, og þessa bókasýningarinnar í Frankfurt 1978 „Barnið og bókin“, hafa einnig beint athyglinni að barninu.

Við undirbúning sýningarinnar varð okkur æ betur ljóst, að börn og fullorðnir lifa í aðskildum og ekki jafnréttáum heimum. Er hugsanlegt, að börn okkar séu réttlítill minnihlutahópur? Eru útgefendur — ábyrgt, velviljað, fullorðið fólk — að gefa út efni, sem ekki höfðar til barna; — efni, sem missir marks?

Nú er, sem betur fer, eitthvað gert í málefnum minnihlutahópa, ekki einungis talað. Þrúgandi skrifstofuveldi, nafnleysi og firring einstaklingsins hafa leitt af sér gagnsókn í nafni mannúðar. Augu undiröktaðra þjóða eru farin að opnast fyrir sögulegum uppruna sínum, konur gera sig ekki lengur ánægðar með að gegna annars flokks hlutverki, börn vilja ekki, að þau séu skilgreind sem hópur í blösal fullorðinsáranna.

Í upphafi var staðhæft, að barna- og unglingsbækur segðu okkur lítið um börn og unglinga. Þær segja okkur aftur á móti heilmikið um hvað fullorðnir vilja, að börn þeirra sjái og læri. Vonir og draumar eldri kynslóðarinnar endurspeglast í

barnabókmenntum. Sýninguna „Bækur handa börnum heims“ mætti því allt eins vel kalla heimssýningu bernskudrauma og minninga hinna fullorðnu.

Úr inngangi Peter Weidhaas frkvstj. Frankfurter Buchmesse í sýningarskrá PRINTED FOR CHILDREN. München 1978.

Barnabókasýningin „Printed for Children“, sem hér er sýnd undir heitinu „Bækur handa börnum heims“, er fengin að láni hjá Frankfurter Buchmesse. Frankfurter Buchmesse er árleg bókasýning og haustið 1978 var þar sett upp sérstök barnabókasýning vegna komandi barnaárs. Þetta er farandsýning, sem sýnd hefur verið víða um lönd. Hér er um að ræða 3000 bækur frá 70 þjóðlöndum — úrval af frumútgáfum útgefnum á tímabilinu 1970—78.

Samstarfshópur bókavarda og rithöfunda fékk bókasýninguna hingað til lands til þess að minna á hve stóran þátt bókin og bókasafnið eiga í menningu okkar.

Í tengslum við sýninguna verða: barnabókasafn á vegum almenningsbókasafna á höfuðborgarsvæðinu, sérstök Nonnadeild frá Zontaklúbbnum á Akureyri og ýmsir dagskrárliðir við hæfi barna og fullorðinna.

Megi þetta framtak veita innsýn í bókaútgáfu nær og fjær og blása nýju lífi í íslenska barnabókagerð.

Starfshópur á vegum

Bókavaraðafélags Íslands  
Félags bókasafnsfræðinga  
Rithöfundasambands Íslands

## BÆKUR FRÁ EFTIRTÖLDUM LÖNDUM ERU Á SÝNINGUNNI

Argentína	Kúba
Ástralía	Kýpur
Austurriki	Libanon
Bandaríkin	Libería
Belgía	Madagaskar
Brasilía	Malasía
Bretland	Maldíveseyjar
Búlgaríá	Malta
Chíle	Máritíus
Danmörk	Mongólía
Egyptaland	Nígería
Fíjleyjar	Noregur
Filabeinsströndin	Nýja Sjáland
Finnland	Pakístan
Frakkland	Panama
Ghana	Perú
Grikkland	Pólland
Guatemala	Portúgal
Holland	Rúmenía
Indland	Sádi-Arabía
Indónesía	Síngapore
Írak	Sovétríkin
Íran	Spánn
Írland	Srí-Lanka
Ísland	Svíss
Ísrael	Svíþjóð
Ítalía	Sýrland
Jamaíca	Tékkóslóvakía
Japan	Thailand
Jórdaníá	Tyrkland
Júgóslavía	Ungverjaland
Kamerún	Úrúguay
Kanada	Venesúela
Kína	Víetnam
Kolombía	A.-Þýskaland
Kórea	V.-Þýskaland

## DAGSKRÁ:

Laugardagur	20. okt.	kl. 14:00	Opnun. Kristín H. Pétursdóttir Lúðrasveit barna í Mosfellssveit Lítið fer fyrir litlu blómi. Kynning á verkum Kristins Reyrs. Börn úr 8-JJ í Langholtsskóla
		kl. 15:00	Sögustund á barnabókasafni
		kl. 17:00	—
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
Sunnudagur	21. okt.	kl. 15:00	Sögustund í barnabókasafni
		kl. 15:00	Fyrirlestrar um barnabækur Guðrún Helgadóttir Gunnlaugur Ástgeirsson Silja Aðalsteinsdóttir
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
		kl. 17:00	Leikbrúðuland í barnabókasafni
Laugardagur	27. okt.	kl. 15:00	Sögustund í barnabókasafni
		kl. 15:00	Umræðufundur um barnabækur Ármann Kr. Einarsson Erla K. Jónasdóttir Jóhann Páll Valdemarsson Njörður P. Njarðvík Vilborg Dagbjartsdóttir Pórir S. Guðbergsson
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
		kl. 17:00	Sögustund á barnabókasafni
Sunnudagur	28. okt.	kl. 15:00	Sögustund á barnabókasafni
		kl. 15:00	Lítið fer fyrir litlu blómi. Kynning á verkum Kristins Reyrs. Börn úr 8-JJ í Langholtsskóla
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
		kl. 17:00	Sögustund í barnabókasafni
Laugardagur	3. nóv.	kl. 15:00	Börn í bókum (leikþáttur frá Þjóðleikhúsinu)
		kl. 15:00	Sögustund á barnabókasafni
		kl. 17:00	—
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
Sunnudagur	4. nóv.	kl. 15:00	Sögustund á barnabókasafni
		kl. 15:00	Lítið fer fyrir litlu blómi. Kynning á verkum Kristins Reyrs. Börn úr 8-JJ í Langholtsskóla
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—
		kl. 17:00	Leikbrúðuland í barnabókasafni
Aðra daga		kl. 15:00	Sögustund í barnabókasafni
		kl. 17:00	—
		kl. 15:30	Litskyggnusýning í Nonnadeild
		kl. 17:30	—
		kl. 20:30	—